

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 374 14. október 1976 um gatnagerðargjöld á Helli í Rangárvallahreppi Rangárvallasýslu.**

2. mgr. orðist svo:

„Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir Bygðasjóðs eru á hverjum tíma og greiðast eftir á á sömu gjalddögum.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 578.

7. september 1981.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjald A í Ísafjarðarkaupstað nr. 83 7. mars 1975.**

2. mgr. greinar 2. 1. orðist svo:

„Gjalddagur er því háð vísitölu byggingarkostnaðar og skal breytast ársfjórðungslega samhliða breytingum er verða á byggingarvísitölu.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 579.

15. september 1981.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Laxárdalshreppi nr. 331 25. júlí 1979.**

12. gr. orðist svo:

„Gatnagerðargjöld samkvæmt 8. grein greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 4 árum og skulu bundnar lánskjaravísitölu eða gengistryggðar og bera vexti eins og lán Bygðasjóðs til gatnagerðarframkvæmda á hverjum tíma.

Gjalddaga ákveður hreppsnefnd hverju sinni.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps, Dalasýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Dalvíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot og óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé og óþæginda fyrir umferð eða vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsnota svo sem hátíðarsvæði, leikvangar, torg og bryggjur, svo og afgreiðslustaðir bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús svo sem veitingahús og leikhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa og annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttalag, sem raksar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturro manna og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónáði.

5. gr.

Á götum bæjarins má ekki renna sér á sledum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leik, sem hindra umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða hvers kyns skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og ber bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma, þar sem lögreglustjóri ákveður eða